

Alþingi, félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. apríl 2011 R2011040008
T-ums 11/11

Alþingi
Erindi nr. P 139/2119
komudagur 28.4.2011

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof - 748. mál.


Á Alþingi hefur verið lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, sbr. þskj. nr. 1298, 748. mál.

Í 4. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 13. gr. laganna og segir orðrétt í breytingatillögunni: „Full starf sjálfstætt starfandi einstaklings miðast við að viðkomandi hafi greitt mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi er nemur að lágmarki viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein.“

Ríkisskattstjóri leyfir sér að benda á að samkvæmt 1. mgr. 58. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er það ríkisskattstjóri en ekki fjármálaráðherra sem setur árlega við upphaf tekjuárs reglur um reiknað endurgjald. Framangreind setning í 4. gr frumvarps þess sem hér er til umsagnar ætti því að hljóða svo: „Full starf sjálfstætt starfandi einstaklings miðast við að viðkomandi hafi greitt mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi er nemur að lágmarki viðmiðunarfjárhæð ríkisskattstjóra í viðkomandi starfsgrein.“

Að öðru leyti telur ríkisskattstjóri ekki tilefni til að gera athugasemd við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þóroarson


Guðrún J. Jónsdóttir